

227/28

Fundur haldinn í héraðsráði miðvikudaginn 12. apríl 2006 kl. 14:00 á skrifstofu Höfðahrepps. Mættir voru: Valgarður Hilmarsson, Magnús B. Jónsson og Rafn Sigurbjörnsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð almannavarnarnefndar
 2. Starfsmannamál
 3. Dagvistun aldraðra
 4. Málefni Kvennaskólans
 5. Bréf frá Samkórnum Björk
 6. Önnur mál
-
1. Lögð fram fundargerð almannavarnarnefndar frá 15 mars s.l. þar sem lögð voru fram drög að almannavarnaskipulagi. Fram komu ábendingar um breytingar. Málið verður lagt fyrir næsta fund héraðsnefndar.
 2. Starfsmannamál: Bréf Péturs Eggertsonar þar sem hann óskar eftir viðræðum vegna starfsloka sinna 31.okt. n.k. Magnúsi og Valgarði falið að ræða við Pétur. Guðjón Ólafsson óskar eftir formbreytingu á ráðning sinni þannig að hann verði verktaki. Héraðsráð samþykkir breytinguna.
 3. Framkvæmdastjóri skýrði frá viðræðum sínum við framkvæmdastjóra HSB um hugsanlegt samstarf við stofnuninna um að kom á dagvistun fyrir aldraða. Framkvæmdastjóri HSB hefur hafnað hugmyndum um að stofnunin taki að sér verkefnið.
 4. Héraðsráð fagnar fram kominni þingsályktunartillögu um skipun nefndar um málefni Kvennaskólans.
 5. Bréf frá Samkórnum Björk þar sem sótt er um styrk úr Menningarsjóði Héraðsnefndar Samþykkt að veita kórnum 85 000.- styrk úr sjóðnum. Valgarður tóki ekki þátt afgreiðslunni vegna tengsla við málið.
 6. Önnur mál: Ákveðið að stefna að fundi héraðsnefndar í lok apríl þegar ársreikningur liggur fyrir. Þar verði einnig m.a. á dagskrá vegamál í héraðinu.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 15:00.

Valgarður Hilmarsson

Rafn Sigurbjörnsson

Magnús B. Jónsson